

Miðvikudaginn 19. apríl 1989.

Nr. 2/1989

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Birni Líndal Gíslasyni

(Jón Oddsson hrl.).

Tékkar. Fjársvik. Skilorð. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 14. desember 1988 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingar. Hins vegar var af hálfu ákærvalds fallið frá skaðabótakröfu á hendur ákærða, sem dæmd var í héraði, þar sem ákærði hefur greitt hana að fullu.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi og hefur héraðsdómari réttilega sakfellt ákærða fyrir atferli það, sem honum er gefið að sök, og er það réttilega fært til refsíákvæða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi. Þegar litið er til þess, að ákærði hefur eigi áður sætt refsingu og hann hefur að fullu greitt skaðabætur þær, sem hann var dæmdur til að greiða með hinum áfrýjaða dómi, þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar hans skuli frestað og hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa aða telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar svo sem greinir í dómsorði. Málsvarnarlaun eru dæmd án söluskatts.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Björn Líndal Gíslason, sæti fangelsi þrjá mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja,

haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. desember 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 7. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 656/1988: Ákærvaldið gegn Birni Líndal Gíslasyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. f.m., á hendur ákærða, Birni Líndal Gíslasyni, Spítalastíg 1 í Reykjavík, fæddum 16. nóvember 1961 þar í borg.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir tékkasvik með því að hafa í mars til maí 1988 gefið út til handhafa eftirtalda 29 tékka á reikning sinn nr. 115318, í Iðnaðarbanka Íslands hf., aðalbanka, án þess að innstæða væri fyrir tékkunum á reikningnum og honum lokað 11. maí, og notað tékkana í staðgreiðsluviðskiptum með eftirgreindum hætti í Reykjavík nema annað sé nefnt:

1. Nr. 4-0401, kr. 3.000,00, dagsettur 31. mars. Notaður í Sælgætissölunni, Grundarstíg 12.

2. Nr. 5-0401, kr. 1.000,00, dagsettur sama dag. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum og er á tékkanum framsalið Jón Pálsson 5176-3238.

3. Nr. 7-0401, kr. 3.000,00, dagsettur sama dag. Notaður í veitingahúsinu Ölveri, Álfheimum 74.

4. Nr. 8-0401, kr. 3.000,00, dagsettur sama dag. Notaður á sama stað og næsti hér að framan.

5. Nr. 9-0401, kr. 3.000,00, dagsettur sama dag. Notaður í viðskiptum við leigubílstjóra og er tékkinn framseldur af Jóni B. Ingimagnssyni.

6. Nr. 11-0401, kr. 1.500,00, dagsettur 8. apríl. Notaður í veitingahúsinu Þórskaffi, Brautarholti 20.

7. Nr. 12-0401, kr. 1.000,00, dagsettur 9. apríl. Notaður á sama stað og næsti hér að framan.

8. Nr. 13-0401, kr. 1.000,00, dagsettur 10. apríl. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, framsal ólæsilegt.

9. Nr. 14-0401, kr. 4.000,00, dagsettur sama dag. Notaður í veitingahúsinu Sælkeranum, Austurstræti 22.

10. Nr. 15-0401, kr. 1.000,00, dagsettur sama dag. Greitt fyrir leiguakstur og ber tékkinn framsalið H. Stefánsson.

11. Nr. 16-0401, kr. 2.000,00, dagsettur sama dag. Notaður í veitingahúsinu Ölveri, Álfheimum 74.

12. Nr. 17-0401, kr. 3.000,00, dagsettur sama dag. Notaður á sama stað og næsti hér að framan.

13. Nr. 20-0401, kr. 3.000,00, dagsettur 17. apríl. Notaður á sama stað og næsti hér að framan.

14. Nr. 21-0401, kr. 2.000,00, dagsettur sama dag. Notaður á sama stað og næsti hér að framan.

15. Nr. 22-0401, kr. 500,00, dagsettur 25. apríl. Notaður í Snorrabakaríi, Hverfisgötu 61, Hafnarfirði.

16. Nr. 23-0401, kr. 2.000,00, dagsettur 1. maí. Greitt fyrir leiguakstur og ber tékkinn framsalið Jón Guðvarðsson.

17. Nr. 24-0401, kr. 2.000,00, dagsettur sama dag. Notaður á Hótel Borg.

18. Nr. 26-0401, kr. 5.000,00, dagsettur sama dag. Notaður í viðskiptum við leigubílstjóra og ber tékkinn framsal Jóns B. Ingimagnssonar og Borgarbílastöðvarinnar.

19. Nr. 27-0401, kr. 5.000,00, dagsettur sama dag. Notaður hjá Flugleiðum hf., greiddur flugfarseðill til Ísafjarðar.

20. Nr. 32-0401, kr. 3.000,00, dagsettur sama dag. Notaður í söluturninum Toppinum, Síðumúla 8.

21. Nr. 34-0401, kr. 1.000,00, dagsettur 6. maí. Greitt fyrir leiguakstur og ber tékkinn framsalið Hjörtur Hjartarson.

22. Nr. 36-0401, kr. 3.000,00, dagsettur 8. maí. Notaður á Bifreiðastöð Íslands, Umferðarmiðstöðinni, Vatnsmýrarvegi 10, til kaupa á veitingum.

23. Nr. 38-0401, kr. 6.000,00, dagsettur 15. maí. Greitt fyrir leiguakstur og ber tékkinn framsal Jóhanns Secci 4996-6474.

24. Nr. 39-0401, kr. 2.000,00, dagsettur sama dag. Notaður í sams konar viðskiptum við sama aðila og með sama framsali og næsti tékki hér á undan.

25. Nr. 41-0401, kr. 3.000,00, dagsettur sama dag. Notaður í veitingastaðnum Ölveri, Álfheimum 74.

26. Nr. 42-0401, kr. 2.000,00, dagsettur sama dag. Notaður á sama stað og næsti hér að framan.

27. Nr. 43-0401, kr. 2.000,00, dagsettur sama dag. Notaður á sama stað og næsti hér að framan.

28. Nr. 45-0401, kr. 5.000,00, dagsettur 16. maí. Notaður á sama stað og næsti hér að framan.

29. Nr. 46-0401, kr. 1.000,00, dagsettur sama dag. Notaður á Bifreiðastöð Íslands, til kaupa á tóbaki.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Hinn 28. mars sl. stofnaði ákærði, Björn Líndal Gíslason, alreikning nr. 115318 við Íðnaðarbanka Íslands hf., Lækjargötu 12 í Reykjavík, með því að leggja inn á reikninginn 24.000,00 krónur. Jafnframt fékk ákærði afhent tvö tékkhefti, hvort með 25 eyðublöðum, til útskriftar tékka á reikninginn, og voru öll eyðublöðin með áprentaðri mynd af ákærða.

Stuttu eftir að ákærði opnaði reikninginn lenti hann í óreglu og gaf þá út og notaði þá 29 innstæðulausu tékka, að fjárhæð samtals 74.000,00 krónur, sem um ræðir í ákæru málsins. Voru þeir allir notaðir í staðgreiðsluviðskiptum í Reykjavík nema einn í Hafnarfirði og jafnan gefinn einhver mismunur til baka í peningum á fjárhæð tékkanna hvers um sig og andvirði þeirra viðskipta sem áttu sér stað hverju sinni. Var ákærða alltaf nema í tvö skipti ljóst að hann var að gefa út innstæðulausa tékka. Taldi ákærði að fyrir tékkanum í 1. lið væri næg innstæða. Þá veit ákærði ekki, hvort honum var ljóst um innstæðuleysi tékkans í 2. lið ákærunnar.

Ákærði kveðst hafa fyllt út meginmál tékkanna ýmist sjálfur eða fengið aðra til þess að gera það, þar sem hann hafi verið ófær um það vegna ölvunar. Ákærði ritaði þó sjálfur undir alla tékkana nafn sitt. Ákærði telur, að aðrir hafi fyllt út fyrir hann tékkana í liðum 4 - 5, 12 - 14, 18 - 20, 23 - 26 og 28 - 29.

Reikningi ákærða var lokað 11. maí sl. og eru tékkarnir í liðum 23 - 29 dagsettir eftir það. Ekki gerði ákærði sér grein fyrir því að hann væri að gefa þessa tékka út á lokaðan reikning.

Ákærði segir notkunarstöðum tékkanna rétt lýst í ákærunni að því marki sem henni er þar lýst, en ekki man ákærði um notkunarstaði tékkanna í liðum 2 og 8, sem þó hafi verið notaðir í staðgreiðsluviðskiptum eins og allir hinir tékkarnir. Oftast keypti ákærði áfengi fyrir þá tékkana, sem notaðir voru í veitingahúsum, og sælgæti, gosdrykki og tóbak fyrir tékkana, sem notaðir voru í sælgætis- og söluturnum.

Ákærði hefur ekkert greitt af tékkunum.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað sem fram er komið í málinu, er sannað að ákærði hafi gefið út til handhafa og notað í staðgreiðsluviðskiptum þá 29 innstæðulausu tékka, að fjárhæð samtals

74.000,00 krónur, sem um alla gerð og notkun er rétt lýst í ákærunni. Er þetta brot á 248. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins hefur ákærði ekki áður sætt refsingu svo að kunnugt sé.

Refsing.

Ákærða verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður við ákvörðun refsingar tekið tillit til þess annars vegar að ákærði hefur ekki sýnt neinn lit á því að bæta fyrir brot sitt, og eins hins, að ákærði hefur ekki áður sætt refsingu, svo að kunnugt sé. Með hliðsjón af þessu öllu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi þrjá mánuði, en fresta þykir mega fullnustu tveggja mánaða af refsingunni, og niður skal sá hluti refsingarinnar falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Skaðabætur.

Mál þetta var kært til Rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi, dagsettu 18. ágúst sl., f.h. Iðnaðarbanka Íslands hf. af hálfu Árna Einarssonar héraðsdómslögmanns, en áður hafði ákærða verið ritað kröfubréf sem hann hafði ekki sinnt. Í kærubréfinu er gerð eftirgreind sundurliðuð bóta-krafa, að fjárhæð 108.451,00 króna, á hendur ákærða:

Höfuðstóll tékkanna	kr.	74.000,00
Bankakostnaður	“	8.120,00
Dráttarvextir til 1. september 1988	“	11.026,00
Innheimtukostnaður, gjaldskrá LMFÍ	“	13.665,00
Söluskattur	”	1.640,00

Þá er gerð krafa um hæstu dráttarvexti samkvæmt vaxtaákvörðun Seðla-banka Íslands á hverjum tíma frá 1. september 1988 til greiðsludags.

Ákærði hefur samþykkt höfuðstól bótakröfunnar auk dráttarvaxta, en vill ekki samþykkja aðra liði kröfunnar.

Þar sem dæmt er um kröfuna í opinberu máli verður ekki dæmdur neinn innheimtukostnaður lögmanns né söluskattur af honum. Þá verður eigi heldur dæmdur bankakostnaður, sem er innheimtukostnaður bankans. Ákærði verður því dæmdur til þess að greiða 74.000,00 krónur í bætur auk dráttarvaxta, sem rétt þykir að reikna frá sýningardegi hvers tékka í banka, en ekki verður miðað við ákveðna fjárhæð dráttarvaxta til 1. september sl. af tékkunum eins og í kröfunni greinir. Verður ákærði

því dæmdur til þess að greiða kröfuna eins og nánar greinir í dómsorði.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Björn Líndal Gíslason, sæti fangelsi þrjá mánuði, en fresta skal fullnustu tveggja mánaða af refsingunni, og niður skal sá hluti hennar falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Iðnaðarbanka Íslands hf., Lækjargötu 12 í Reykjavík, 74.000,00 krónur ásamt dráttarvöxtum af 10.000,00 krónum frá 5. apríl 1988, af 12.500,00 krónum frá 11. apríl 1988, af 5.000,00 krónum frá 18. apríl 1988, af 500 krónum frá 29. apríl 1988, af 12.000,00 krónum frá 2. maí 1988, af 5.000,00 krónum frá 3. maí 1988, af 3.000,00 krónum frá 4. maí 1988, af 4.000,00 krónum frá 9. maí 1988, af 1.000,00 krónum frá 14. maí 1988 og af 21.000,00 krónum frá 16. maí 1988, allt til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
